

2333. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 30. júlí 2025 (aukafundur) og hófst kl. 11:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

(engin)

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna.

Dagskrá:

1. Flóðlýsing á Laugardalsvelli og næstu skref
 - a. Þorvaldur formaður fór yfir stöðu mála og þá vinnu sem hefur verið í gangi undanfarnar vikur varðandi flóðlýsingu á Laugardalsvelli.
 - b. Búið er að skipta um þær perur sem voru ekki í lagi í möstrunum auk þess að laga kapla og fleira. Þá kom David Hurley til landsins 23. júlí sl. en hann er ljósasérfræðingur sem vinnur bæði fyrir UEFA og sjálfstætt. Við skoðun hans kom í ljós að auka þarf ljósmagnið sem er næst stóru stúkunni. Fundað var með David Hurley og farið yfir þá kosti sem eru í stöðunni.
 - c. Niðurstaðan er sú að bæta við LED ljósum í þakskyggnið á stóru stúkunni og eru það kastarar sem munu nýtast á vellinum þegar frekari endurbætur verða gerðar á umgjörð vallarins.
 - d. Farið var í verðkönnun á viðbótarljósum m.t.t. þess tímaramma sem er fyrir hendi.

Samþykkt af stjórn KSÍ að ganga til samninga við bandaríska fyrirtækið Musco (Metatron er umboðsaðili á Íslandi) og var formanni og framkvæmdastjóra falið að klára samningana.

2. Önnur mál

- a. Rætt var stuttlega um stöðu mála varðandi skólaþorp sem á að rísa á bílastæðunum í Laugardalnum. Nokkrar umræður sköpuðust og ákveðið að ræða betur á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 11:30

Fundarritari: Eysteinn Pétur Lárusson

Næstu fundir boðaðir þriðjudaginn 12. ágúst og fimmtudaginn 18. september

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson